

86. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs að Digranesvegi 7, fimmtudaginn 30. janúar 2014 kl. 17:15.

Fundur settur kl. 17:15. Viðstaddir voru Eiríkur Ólafsson, Helgi Þór Jónasson og Pétur Hrafn Sigurðsson. Fundinn sátu einnig Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Rætt um fjárhagsstöðu safnsins. Héraðsskjalavörður gerði grein fyrir fjárreiðum síðasta árs.
2. Frumvarp til laga um opinber skjalasöfn er til umræðu á alþingi, héraðsskjalavörður hefur fengið umsagnarbeiðni.
3. Aðsókn og fjöldi afhendinga. Milli áranna 2012 og 2013 var 40% aukning á gestafjölda og 15% aukning á fjölda afhendinga, frá 2009 hefur fjöldi afhendinga á ári tvöfaldast og gestafjöldi nærri þrefaldast frá 2010. 2013 var því metár bæði í afhendingum og gestafjölda.
4. Safnanótt. Föstudagskvöldið 7. febrúar verður Safnanótt haldin á höfuðborgarsvæðinu. Héraðsskjalasafn Kópavogs tekur þátt, verður með sýningu um skólasögu Kópavogs og upphaf almenningsfræðslu í Kópavogi og í samstarfi við Sögufélag Kópavogs verða sýndar gamlar kvikmyndir úr Kópavogi sem varðveittar eru í Kvikmyndasafni Íslands en fengin hafa verið afrit af til sýninga á Safnanótt.
5. Önnur mál.
 - a) Skjalavistunaráætlun. Pétur Hrafn Sigurðsson spurði um framgang skjalavistunaráætlunar og óskar eftir upplýsingum um hana á næsta fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.